



*Skýrsla samráðshóps samtaka sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu um málefni fatlaðs fólks 2013.*

I. Tildrög

Samstarfssamningur sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) um þjónustu við fatlað fólk á þjónustusvæðum þess (sjá fylgigögn) var undirritaður 12. nóvember 2010. Tildrög að gerð samningsins var fyrirhuguð tilfærsla á félagsþjónustu ríkisins við fatlað fólk til sveitarfélaga 1. janúar 2011, m.a. í ljósi þess að hluti fatlaðra íbúa á svæðinu sækir þjónustu í annað sveitarfélag en lögheimilissveitarfélags. Markmið samstarfssins er að tryggja að tilfærsla þjónustunnar raski ekki högum þeirra einstaklinga sem njóta hennar, stuðla að eflingu og þróun félagsþjónustu á svæðinu ásamt því að leita leiða til hagræðingar í rekstri með samnýtingu ákveðinna þjónustu- og rekstrarþátta.

Gildistími samningsins er til 31. desember 2014 og skulu samningsaðilar ákveða sameiginlega fyrir 1. september 2014 hvort stefna skuli að endurnýjun hans.

Stjórn SSH hefur umsjón með samningnum og annast eftirlit með framkvæmd hans.

II. Skipan hópsins

Samráðshópurinn er skipaður forstöðumönnum félagsþjónustu sveitarfélaganna á svæðinu eða staðgenglum þeirra og annast þeir daglega stjórn verkefna samningsins og samhæfingu þeirra. Á starfsárinu var ákveðið að þeir starfsmenn sem helst koma að skipulagningu málaflokksins í sveitarfélögunum eigi einnig seturétt á fundum, einn frá hverju sveitarfélagi.

Eftirtaldir skipuðu hópinn sem aðalfulltrúar á tímabilinu:

Aðalsteinn Sigfússon, Kópavogi,

Bergljót Sigurbjörnsdóttir, Garðabæ,

Guðrún Hrefna Sverrisdóttir, Álftanesi,

Katrín Jacobsen, Reykjavík,

Rannveig Einarsdóttir, Hafnarfirði,

Snorri Aðalsteinsson, Seltjarnarnesi,

Unnur V. Ingólfssdóttir, Mosfellsbæ og Kjósarhreppi.



Bergljót Sigurbjörnsdóttir veitti hópnum forstöðu frá miðju ári 2012 til júní 2013 en þá tók Rannveig Einarsdóttir við formennsku. Guðrún Hrefna Sverrisdóttir hætti í samráðshópum á miðju ári eftir sameiningu Álftaness og Garðabæjar.

III. Hlutverk og verkefni hópsins

Í samræmi við 4.gr. samstarfssamningsins hafa sveitarfélögin með sér samráð um framkvæmd þjónustu við fatlað fólk á svæðinu og samhæfa hana eftir því sem þörf krefur. Verkefni samráðshópsins samkvæmd greininni eru eftirfarandi:

- Almenn miðlun upplýsinga um þjónustu við fatlað fólk og áætlanir sveitarfélaga á því sviði.
- Almennt faglegt samstarf um stefnu og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk.
- Samráð vegna áætlana um uppbyggingu þjónustu.
- Samráð við innleiðingu og þróun notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar.
- Samráð við hagsmunassamtök fatlaðs fólks.
- Mat á þjónustubörf.
- Endurmenntun og þjálfun starfsfólks.
- Ráðgjöf við stjórnendur og starfsfólk félagsþjónustu og þjónustueininga.
- Skráningar- og upplýsingakerfi vegna þjónustu við fatlað fólk.
- Fyrirkomulag skýrslugerðar, árangursmats, gæðastjórnunar, gæðastaðla og faglegs innra eftirlits.
- Samræming biðlista vegna búsetuþjónustu.
- Samræming biðlista vegna stoðþjónustu, svo sem sakmmtímavistana, dagþjónustu, hæfingar og verndaðrar vinnu.
- Samhæfing nýtingar mjög sérhæfðra þjónustuúrræða.
- Gjaldtaka vegna þjónustu sem sveitarfélög veita hvert öðru.

IV. Starf hópsins

Fyrsti fundur samráðshópsins var haldinn 2. desember 2010. Að tillögu samráðshópsins og stjórnar SSH samþykktu bæjarstjórnir Kópavogsbæjar, Hafnarfjarðarkaupstaðar, Garðabæjar, Mosfellsbæjar og Álftaness verklagsreglur fyrir mats- og inntökuteymi sem í eiga sæti fulltrúar sveitarfélaganna. Fulltrúi Reykjavíkurborgar er áheyrnarfulltrúi í teyminu fyrir borgina og Seltjarnarnes.



Matsteymið fjallar fyrst og fremst um málefni einstaklinga sem þurfa á sértækum úrræðum að halda, svo sem hæfingu, skammtíavistun og mjög sértækum búsetuúrræðum. Um starf teymisins vísast að öðru leyti til meðfylgjandi skýrslu um störf þess á árinu 2013.

Samráðshópurinn hélt 18 fundi á árinu 2013. Að jafnaði var fundað hálfsmánaðarlega í húsakynnum SSH í Hamraborg í Kópavogi.

Haft var samstarf m.a. við fulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, velferðarráðuneytinu og hagsmunasamtökum fatlaðs fólks. Fulltrúar frá þessum aðilum hafa verið boðir á fundi samráðshópsins á starfsárinu. Einnig var farið í vettvangsferðir á Hæfingarstöðina í Hafnarfirði og Ásgarð í Mosfellsbæ.

Verkefni hópsins á tímabilinu, auk almennrar miðlunar upplýsinga, samráðs, faglegs samstarfs og framkvæmdar þjónustu við fatlað fólk voru eftirfarandi:

Eftirlitshlutverk sveitarfélaganna

Á starfsárinu var mikil umfjöllun var um gæðaeftirlit og eftirlitshlutverk sveitarfélaganna. Samráðshópurinn var með starfsdag þann 10. apríl í Kópavogi. Starfsdagurinn var helgaður umfjöllun um eftirlit með þjónustu við fatlað fólk.

Farið var yfir ákvæði í lögum og reglugerðum um eftirlit með þjónustu við fatlað fólk. Rætt var hlutverk réttindagæslumanna og persónulegra talsmanna í eftirliti með þjónustunni. Halldór Gunnarsson starfsmaður réttindavaktar velferðarráðuneytisins kom á fundinn og kynnti starf sitt. Kynnt var fyrirkomulag gæðaeftirlits á Svæðisskrifstofum Reykjavíkur og Reykjaness. Einnig var rætt um eftirlit með NPA og lögð áherslu á mikilvægi þess.

Gyða Hjartardóttir, félagsmálafulltrúi Sambands sveitarfélaga mætti á fund samráðshópsins til viðræðna um eftirlit vegna starfsstöðva málefna fatlaðs fólks. Skýrt kom fram að innra eftirlit er á höndum sveitarfélöganna en ytra eftirlit er á ábyrgð velferðarráðuneytisins.

Sigríður Jónsdóttir frá velferðarráðuneytinu mætti á fund og kynnti gæðamat- og eftirlit ráðuneytisins með þjónustu við fatlað fólk. Umræður urðu um þjónustumat og voru Hrönn Hilmarsdóttir, Hafnarfirði og Ásgeir Sigurgestsson, Mosfellsbæ skipuð í vinnuhóp fyrir höfuðborgarsvæðið.

Skipaður var starfshópur um eftirlit með þjónustu við fatlað fólk sem skilaði niðurstöðu á árinu þar sem lagt var til að ráðinn verði starfsmaður í 50% starf til að sinna eftirliti á heimilum, skammtíavistunum og vinnustöðum fatlaðs fólks.



Eftir umfjöllun í sveitarstjórnnum Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Mosfellsbæjar var ákveðið að auglýsa eftir fagaðila í starfið. Starfsstöðin var ákveðin í Hafnarfirði.

Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)

Fjallað var um framkvæmd og gerð NPA samninga í sveitarfélögunum. Þór Þórarinsson frá velferðarráðuneytinu kom á fund með fræðslu um feril NPA umsókna.

Atvinnumál fatlaðs fólks

Mats- og inntökuteymi var falið að afla og vinna upplýsingar um mat á þörf fyrir atvinnu- og hæfingu fyrir fatlað fólk.

Gert var ferli vegna umsókna um atvinnuþátttöku fólks með skerta starfsgetu en markmiðið var að auka tengsl milli Örva og Vinnumálastofnunar.

Skilgreining á grunnþjónustu

Teknar voru saman upplýsingar frá sveitarfélögunum um skilgreiningar grunnþjónustu. Lögð var áhersla á að skilgreiningarnar séu skýrar og jafnframt samræmi á milli sveitarfélaganna.

Úrræði fyrir ungt fólk með fjölþættan vanda

Rætt var um stöðu ungs fólks með fjölþættan hegðunarvanda og þörf fyrir úrræði fyrir einstaklinga sem þurfa sérhæfða nálgun. Skrifað var undir ályktun vegna uppbyggingar heimilis fyrir greindarskerta einstaklinga með hegðunarvanda. Um var að ræða viljayfirlýsingu um að nýta slíkt úrræðið væri það fyrir hendi.

Samráð við hagsmunasamtök fatlaðs fólks

Fulltrúum frá hagsmunasamtökum fatlaðs fólks var boðið að koma á fund samráðshópsins til viðræðna um stöðu málaflokksins. Guðríður Ólafsdóttir frá Öryrkjabandalaginu mætti á fundinn og Bryndís Snæbjörnsdóttir frá Landssamtökunum Þroskahjálp. Rætt var m.a. um endurskoðun á lögum um málefni fatlaðs fólks og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Fram kom að þær eru sammála um að ekki sé heppilegt að fella ákvæði um þjónustu við fatlað fólk að öllu leyti inn í almenn lög um félagsþjónustu. Áfram skuli gilda sérlög eða a.m.k. sérákvæði um þjónustu fyrir fatlað fólk. Lögðu þær áherslu á að húsnæðiskostir fyrir fatlað fólk séu fjölbreytilegir og brýnt að nýlegri byggingarreglugerð sé fylgt en þar eru skýr ákvæði um aðgengi fyrir fatlað fólk sem hafa þurfi í heiðri.

Auk þess sem fram hefur komið var á starfsári samráðshópsins fylgst með framgangi vinnu vegna ferðaþjónustu fatlaðs fólks og kallað eftir upplýsingum reglulega um það



ferli. Rætt um þörf fyrir skammtímvistanir og hugmyndir um skammtímvistun að Skálatúni. Ákveðið var að fella niður sumarlokanir hæfingarstöðva. Ítrekað var erindi til Landsspítala vegna yfirsetu starfsmanna sveitarfélaga á Landspítalanum. Ekki hefur borist svar og er samningur ófrágenginn.

V. Lokaorð

Markmið samningsins um samstarf sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu vegna þjónustu við fatlað fólk eru einkum að efla félagsþjónustu á höfuðborgarsvæðinu, stuðla að þróun samstarfs sveitarfélaga og hagræðingu í rekstri með samnýtingu þjónustu- og rekstrarþátta.

Það er samdóma álit samráðshópsins að um gagnlegan samráðsvettvang sé að ræða og hafi starf hópsins á starfsárinu 2013 náð að uppfylla markmið samningsins um samstarf sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu vegna þjónustu við fatlað fólk.

Virðingarfyllst,

Rannveig Einarsdóttir.

Fylgigögn:

Samstafssamningur sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um þjónustu við fatlað fólk.

Áfangaskýrsla mats- og inntökuteymis 2013.

